

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

Óverkaður saltfiskur:

U.S. \$ pr. lest fob.

Stórfiskur nr. 1	2 485,00
Millifiskur nr. 1	2 305,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	1 970,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 850,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

2. mars 1983

Nr. 163

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir söltuð þorskflok framleidd á tímabilinu frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir söltuð þorskflok framleidd á tímabilinu frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

Söltuð þorskflok:

U.S. \$ pr. lest cif.

Flokkur A 700/up	3 650,00
Flokkur A 400/700	3 400,00
Flokkur A 200/400	3 050,00
Flokkur A 100/200	2 600,00
Flokkur B 700/up	3 250,00
Flokkur B 400/700	3 000,00
Flokkur B 200/400	2 650,00
Flokkur B 100/200	2 200,00

Verðbil verður 3% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Endurprentað blað.